



Afmælikveðja frá formanni Sjálfstæðisflokksins til Péturs Ottesen

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Pétur Ottesen – Formaður Sjálfstæðisflokksins - Sjálfstæðisflokkurinn

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-3, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afmaliskvæði frá formanni Spilfélagsflokkisins

Pétur Ottesen skipar einstakan sess ekki eingöngu í vitund ^þamtíðar sinnar heldur í sögu þjóðarinnar. Hann hefur setið lengur á Alþingi sem þjóðkjörinn þingmaður en nokkur annar. Allan þingtíma sinn var hann í hópi atkvæðamestu þingmanna, enda falin þar ótal trúnaðarstörf og hafnaði þó þeim, sem eftirsóknarverðust eru talin af mörgum svo sem forsetastöðu neðri deildar og ráðherradómi. Mál þau, sem Pétur hefur látið til sín taka eru fleiri en tölu verði á komið og lengi hefur hann haft forystu í helstu samtökum til styrktar bæði landbúnaði og sjávarútvegi. Þá eru fáir honum skilningsbetri á þýðingu trúnaðar og enn gegnir hann stjórnarstörfum í Sementsverksmiðju ríkisins og engir ~~ann~~ ^{ann} honum skeleggari hvatamenn stóriðju á Íslandi, enda telur hann framtið þjóðarinnar mjög háða hraðri aukningu stóriðju ~~hér~~ ^{þar}. Forn menning Íslendinga er runnin Pétri í merg og ~~blót~~ ^{heim} eins og meðal annars lýsir sér í áhuga hans fyrir rímum, útgáfu þeirra og kveðskap. Sjálfstæðismaður hefur Pétur verið bæði í gömlum og nýjum stíl, enda barist af heilum hug fyrir endurreisn lýðveldis og tryggingu þess með varnarsamstarfi við vestrænar lýðræðisþjóðir. Hér hefur ~~þú~~ ekki nema fátt eitt verið talið af störfum Péturs Ottesen í almennings þágu og er þess þá ógetið, hvílík hamhleypa Pétur lengstum var til líkamlegrar vinnu, jafnt til landbúnaðarstarfa sem sjóróðra. Það fer að vonum, að Pétur hefur eignast og á marga vini, en aldrei hefur hann

enda eru fáir honum
skilningsbetri á þýðingu
trúnaðar

gerst veifiskati annarra heldur ætíð farið sínu fram. En því meiri er aðdáun ~~anna~~ frjálshuga manna á þessum stórbrotna manni, sem í dag á áttæðisafmæli. Allir þeir ~~þeir~~ ^{hans} aðdáendur senda honum nú innilegar hamingjuóskir með þökkum fyrir afrek ~~hans~~ í þágu alþjóðar.

Bjarni Benediktsson